

Afkomuvöktun sauðfjárræktar 2017-2019

Eyjólfur Ingvi Bjarnason og María Svanprúður Jónsdóttir

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.

Undanfarin ár hefur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins unnið að söfnun og úrvinnslu rekstrargagna frá sauðfjárbúum. Gagnagrunnurinn telur nú alls gögn frá 100 sauðfjárbúum árið 2019 en síðasta sumar var gert átak í því að fjölga þátttökubúum.

Í 15. tbl. Bændablaðsins árið 2020 var gerð grein fyrir helstu niðurstöðum verkefnisins fyrir árið 2018 Í 3. og 4. tbl. Bændablaðsins árið 2019 var gerð grein fyrir niðurstöðum verkefnisins 2014-2017 en í þessari grein ætlum við að skoða niðurstöður fyrir 2019 og þróun lykiltalna yfir öll árin frá 2014.

Gagnasafnið 2014-2019

Ár	Fjöldi búa	Hlutfall framleiðslu	Innlagt dilkakjöt kg/kind	Fjöldi áa/bú
2014	56	7,1%	22,2	505,4
2015	63	7,7%	21,2	506,9
2016	64	7,9%	22,4	512,3
2017	95	11,7%	22,4	504,1
2018	99	12,7%	22,9	513,8
2019	100	13,8%	22,6	500,3

Tafla 1 – Lykiltölur gagnasafns eftir árum

Líkt og upplýsingarnar í töflu 1 gefa til kynna telur gagnasafnið núna tæp 14% af heildardilkakjötsframleiðslu ársins 2019. Landfræðilega dreifast búin þannig að á Vesturlandi eru 24 bú, Vestfjörðum 14 bú, Norðurlandi vestra 12 bú, Norðurlandi eystra 30 bú, Austurlandi 14 bú og Suðurlandi 6 bú.

Lykiltölur úr rekstrarbókhalði

	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Ásetningshlutfall	1,05	1,09	1,09	1,11	1,08	0,99
Framleiðslukostnaður kr/kg	1.097	1.123	1.055	1.018	1.032	1.133
Afurðatekjur kr/kind	14.947	14.088	13.376	9.779	10.215	11.575
Opinberar greiðslur kr/kind	11.678	11.668	11.835	13.397	12.513	14.340
Framlegð kr/kind	14.014	14.097	13.693	12.783	12.031	13.915
EBITDA kr/kind	8.081	8.287	7.807	7.155	6.023	7.436

Tafla 2 – Lykiltölur eftir árum – taka þarf tillit til fjölda bóa sbr. töflu 1 við túlkun talna

Áhrif af afurðaverðslökkun árána 2016 og 2017 sjást vel í töflu 2 og enn er talsvert í að afurðaverði ársins 2014 sé náð. Hins vegar sést einnig að ásetningshlutfall hefur lækkað samhliða hækkun opinberra greiðslna sem sýnir að búin í þessu verkefni hafa keypt nokkuð af greiðslumarki í upphafi árs 2019. Rekstrarkostnaður hefur hækkað líkt og framleiðslukostnaður dillakjöts gefur til kynna. Það er þó enn talsverður munur á afkomu búanna sem taka þátt líkt og upplýsingar í töflu 3 sýna þegar munurinn á framlegð bóa í efsta og neðsta þriðjung er borinn saman eftir árum.

Ár	Efsti 1/3	Neðsti 1/3	Munur
2014	20.276	7.891	12.385
2015	19.447	8.953	10.494
2016	17.825	9.631	8.194
2017	17.264	7.653	9.611
2018	16.899	7.402	9.497
2019	18.759	8.858	9.901

Tafla 3 – Þróun framlegðar pr kind 2014-2019

Munurinn á framlegð búanna í efsta og neðsta þriðjungi hefur minnkað en verið nokkuð stöðugur síðustu þrjú ár, þ.e. á milli 9.000 og 10.000 krónur. Á meðalbúinu skv. töflu 1 sem hefur 500 kindur hefur bú í efsta þriðjungi 5 milljón krónum meira úr að móða til að greiða fastan kostnað, laun og borga af lánum en sambærilegt bú í neðsta þriðjungi.

Skýrsluhaldsgögnin


2019		
	Þátttökubú	Skýrsluhald 200 ær eða fleiri
Reiknuð kg fullorðnar ær	29,8	27,8
Fædd lömb fullorðnar	1,92	1,83
Til nytja fullorðnar	1,76	1,66
Reiknuð kg veturgamlar ær	13,1	11,2
Fædd lömb veturgamlar	1,10	0,94
Til nytja veturgamlar	0,80	0,69
Fallþungi	16,6	16,9
Gerð	9,4	9,1
Fita	6,2	6,2

Tafla 4 – Munur á meðaltali skýrsluhaldsniðurstæða hjá þátttökubúum og búum í skýrsluhaldinu með fleiri en 200 skýrslufærðar ær

Afurðameiri og stærri búin hafa lægri framleiðslukostnað

Mynd 1 sýnir framleiðslukostnað þátttökubúa árið 2019 eftir reiknuðum afurðum og stærðarflokkun bóa. Afurðameiri búin hafa lægri framleiðslukostnað reiknaðan á kíló en þau afurðaminni. Þegar búunum er skipt í þrjá stærðarflokka, þ.e. bú með færri en 400 kindur, 401-600 kindur og fleiri en 600 kindur. Þá er framleiðslukostnaður á stærstu búunum árið 2019, 1.028 kr/kg, á búunum með 401-600 kind er hann 1.149 kr/kg og á búum með færri en 400 kindur er hann 1.227 kr/kg.

Þegar framleiðslukostnaður er skoðaður eftir þriðjungum eru búin í efsta þriðjungi með lægsta kostnaðinn árið 2019 eða 983 kr/kg. Á búum í miðjunni er hann 1.149 kr/kg og í neðsta þriðjungi er hann 1.284 kr/kg.



Mynd 1 – Framleiðslukostnaður (kr/kg) eftir stærð bóa og reiknuðum afurðum

Líkt og mynd 1 sýnir er breytileikinn einnig mikill innan stærðarflokka þannig sóknarfærin eru jafnt hjá stærri búum og þeim sem minni eru.

Áframhald verkefnis

Það eru víða tækifæri til að bæta reksturinn á hverju búi fyrir sig en engin ein lausn hentar öllum. Það er oft gott að bera sig saman við aðra og velta fyrir sér hvort hlutirnir þurfi að vera með þeim hætti sem þeir eru, ef dæmi sýna að önnur sambærileg bú ná betri árangri með minni tilkostnaði og meiri afurðum en manns eigið bú.

Liður í góðri bústjórn er að vanda utanumhald á öllum skráningum, hvort sem það er í skýrsluhaldi eða bókhaldi. Eftirtekt vakti við úrvinnslu bókhaldsgagna að sundurliðun þeirra var langbest hjá þeim bændum sem færa bókhaldið sitt að miklu leyti sjálfir og er hér tilefni til að hvetja bændur til dáða ásamt því að gera þá kröfu að bókhaldið nýtist þeim sem stýritæki í búrekstri, en ekki eingöngu til skila á gögnum til ríkisskattstjóra.

Með góðu liðsinni þróunarfjármuna búgreinanna skv. reglugerð um almennan stuðning við landbúnað höfum við fengið tækifæri til að halda þessu verkefni áfram. Sauðfjárbændur er enn og aftur boðið að ganga til liðs við okkur í þessu mikilvæga verkefni. Ávinningurinn af

verkefninu er margvíslegur en fyrst og fremst er þetta eini gagnagrunnurinn sem gefur raunverulega mynd af afkomu sauðfjárbænda og jafnframt eini gagnagrunnurinn sem gefur bændum færi á að sjá hvernig þeir standa rekstrarlega í samanburði við aðra í sambærilegum rekstri. Verkefnið er bændum að kostnaðarlausu og framlag þróunarfjármuna gefur okkur færi á að borga þátttakendum fyrir gögnin sem við fáum til úrvinnslu.

Við bjóðum nýja þátttakendur velkomna um leið og við óskum þess að núverandi þátttakendur verði áfram með okkur í liði, það er afar þýðingarmikið að fá að halda samfellt utan um þróun í rekstri þáttökubúanna, bæði fyrir þá bændur og verkefnið í heild.

Viðauki 1 – Orðskýringar og forsendur

Ásetningshlutfall m.v. ærgildi: Hlutfall vetrarfóðraðra áa m.v. skráð ærgildi.

Framleiðslukostnaður: Heildarútgjöld án fjármagnsliða og afskrifta deilt með fjölda kílóa af dillkakjöti.

Afurðatekjur: Tekjur af seldu dillkakjöti, kjöti af fullorðnu fé, seldri ull, heimanot og seldu líffé.

Opinberar greiðslur: Tekjur vegna greiðslumarks, beingreiðslna í ull, gæðastýringargreiðslna, býlisstuðnings og svæðisbundins stuðnings.

Aðkeypt fóður: Kostnaður vegna kaupa á kjarnfóðri, steinefnum og heyi.

Áburður og sáðvörur: Kostnaður vegna kaupa á áburði og sáðvörum.

Rekstur búvéla: Kaup á olíu, smurolíu, varahlutir, dekk og viðgerðir vegna búvéla auk trygginga.

Rekstrarvörur: Kaup á rekstarvörum, s.s. plast, bindigarn, smáverkfæri, hreinlætisvörur o.fl.

Ýmis aðkeypt þjónusta: Sláturkostnaður, flutningsgjöld, dýralækniskostnaður, verktakagreiðslur, s.s. rúllubinding og fósturtalning, rekstur tölvukerfis, sími og skrifstofuvörur.

Framlegð: Tekjur af sauðfé (Afurðatekjur og opinberar greiðslur) mínus breytilegur kostnaður (aðkeypt fóður, áburður og sáðvörur, rekstur búvéla, rekstrarvörur og ýmis aðkeypt þjónusta)

Viðhald úthúsa og girðinga: Kostnaður vegna viðhalds úthúsa og girðinga.

Annar rekstrarkostnaður: Rafmagn, fasteignagjöld, fjallskil og tryggingar.

Laun og launatengd gjöld: Reiknað endurgjald, laun, mótframlag í lífeyrissjóð og tryggingargjald.

Þáttatekjur/EBITDA: Allar tekjur búins mínus útgjöld fyrir fjármagnsliði og afskriftir.

Afskriftir: Samtala af afskriftum búins.

Fjármagnsliðir: Samtala af vaxtatekjum og vaxtagjöldum auk verðbreytingarfærslu lána.

Bú með lyklud gögn og hægt að greina nánar:

Fóðuröflunarkostnaður: Kaup á áburði, kostnaður við búvélar, kaup á rúlluplasti og vinnu við rúllubindingu.

Dýralækniskostnaður: Kaup á lyfjum og þjónustu dýralækna.

Viðauki 2 – Meðaltöl lykiltalna 2017

	Meðaltal	Framlegð Efsti 1/3	Framlegð Miðja	Framlegð Neðsti 1/3	Skýrsluhald
Skýrsluhaldsupplýsingar:	n=95	n=32	n=32	n=31	n=841
Fullorðnar ær (kg)	29,8	31,6	29,4	28,3	27,8
Fullorðnar - fædd	1,91	1,94	1,93	1,87	1,83
Fullorðnar - til nytja	1,76	1,80	1,78	1,71	1,67
Veturgamlar (kg)	13,6	14,6	13,8	12,3	11,4
Veturgamlar - fædd	1,14	1,22	1,15	1,05	0,95
Veturgamlar - til nytja	0,82	0,85	0,86	0,76	0,70
Fallþungi sláturlamba	16,6	17,1	16,3	16,3	16,4
Gerðarmat sláturlamba	9,4	9,9	9,2	9,1	9,0
Fitumat sláturlamba	6,3	6,6	6,1	6,0	6,2
Meðalaldur lamba við slátrun	136,3	136,6	136,7	135,6	137,7
Hlutfall sæddra kinda	8,1%	7,3%	8,2%	8,9%	
Árangur sæðinga	62,0%	60,5%	64,6%	60,7%	
Búrekstrarupplýsingar:					
Ásetningshlutfall m.v. ærgildi	1,11	1,02	1,06	1,33	
Dilkakjöt hlutfall af heild	88,0%	88,2%	87,9%	88,0%	
Framleiðslukostnaður kr/kg	1.018	916	1.020	1.140	
Afurðatekjur kr/kind	9.779	10.940	9.440	8.910	
Opinberar greiðslur kr/kind	13.397	14.870	13.910	11.248	
Aðkeypt fóður kr/kind	553	525	529	609	
Áburður og sáðvörur kr/kind	2.917	2.477	3.192	3.083	
Rekstur búvéla kr/kind	2.369	1.872	2.437	2.826	
Rekstrarvörur kr/kind	2.082	1.839	2.011	2.421	
Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kind	2.473	1.833	2.109	3.566	
Framlegð kr/kind	12.783	17.264	13.071	7.653	
Viðhald útihúsa og girðinga	1.107	922	1.342	1.047	
Annar rekstrarkostnaður	1.247	1.144	1.283	1.317	
Laun og launatengd gjöld	6.808	7.997	6.706	5.646	
EBITDA kr/kind	7.155	8.529	6.339	6.585	
Afskriftir kr/kind	3.679	4.155	3.783	3.051	
Fjármagnsliðir kr/kind	2.476	1.764	2.696	2.996	

Viðauki 3 – Meðaltöl lykiltalna 2018

	Meðaltal	Framlegð Efsti 1/3	Framlegð Miðja	Framlegð Neðsti 1/3	Skýrsluhald
Skýrsluhaldsupplýsingar:	n=99	n=33	n=33	n=33	n=804
Fullorðnar ær (kg)	30,1	32,1	30,2	28,2	27,9
Fullorðnar - fædd	1,93	1,97	1,95	1,87	1,84
Fullorðnar - til nytja	1,75	1,81	1,78	1,68	1,66
Veturgamlar (kg)	13,2	15,4	13,2	11,3	11,6
Veturgamlar - fædd	1,10	1,25	1,10	0,95	0,96
Veturgamlar - til nytja	0,79	0,89	0,80	0,70	0,71
Fallþungi sláturlamba	16,8	17,3	16,7	16,4	16,5
Gerðarmat sláturlamba	9,4	9,7	9,4	9,2	9,0
Fitumat sláturlamba	6,4	6,6	6,3	6,2	6,3
Meðalaldur lamba við slátrun	136,3	136,1	136,0	136,7	137,9
Hlutfall sæddra kinda	6,9%	6,1%	6,8%	7,6%	
Árangur sæðinga	62,9%	62,6%	66,1%	60,5%	
Búrekstrarupplýsingar:					
Ásetningshlutfall m.v. ærgildi	1,08	0,98	1,02	1,26	
Dilkakjöt hlutfall af heild	86,7%	87,5%	86,7%	85,8%	
Framleiðslukostnaður kr/kg	1.032	907	996	1.203	
Afurðatekjur kr/kind	10.215	11.379	10.052	9.287	
Opinberar greiðslur kr/kind	12.513	13.858	12.967	10.857	
Aðkeypt fóður kr/kind	541	439	715	478	
Áburður og sáðvörur kr/kind	2.679	2.220	2.928	2.878	
Rekstur búvéla kr/kind	2.829	2.345	2.702	3.392	
Rekstrarvörur kr/kind	2.047	1.641	2.152	2.328	
Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kind	2.602	1.694	2.354	3.667	
Framlegð kr/kind	12.031	16.899	12.167	7.402	
Viðhald útihúsa og girðinga	1.541	1.651	1.133	1.808	
Annar rekstrarkostnaður	1.381	1.276	1.407	1.455	
Laun og launatengd gjöld	6.669	7.867	6.181	6.003	
EBITDA kr/kind	6.023	7.232	6.643	4.343	
Afskriftir kr/kind	3.795	3.439	4.434	3.546	
Fjármagnsliðir kr/kind	2.438	1.446	2.421	3.371	

Viðauki 4 – Meðaltöl lykiltalna 2019

	Meðaltal	Framlegð Efsti 1/3	Framlegð Miðja	Framlegð Neðsti 1/3	Skýrsluhald
Skýrsluhaldsupplýsingar:	n=100	n=34	n=33	n=33	n=759
Fullorðnar ær (kg)	29,8	31,4	29,2	28,7	27,8
Fullorðnar - fædd	1,92	1,96	1,90	1,90	1,83
Fullorðnar - til nytja	1,76	1,80	1,74	1,72	1,66
Veturgamlar (kg)	13,1	14,7	12,8	11,8	11,2
Veturgamlar - fædd	1,10	1,19	1,04	1,06	0,94
Veturgamlar - til nytja	0,80	0,87	0,78	0,75	0,69
Fallþungi sláturlamba	16,6	17,0	16,5	16,3	16,5
Gerðarmat sláturlamba	9,4	9,8	9,3	9,2	9,1
Fitumat sláturlamba	6,2	6,5	6,2	6,0	6,2
Meðalaldur lamba við slátrun	136,9	136,8	134,0	139,6	137,9
Hlutfall sæddra kinda	7,3%	6,3%	7,5%	8,0%	
Árangur sæðinga	61,2%	62,6%	56,9%	63,9%	
Búrekstrarupplýsingar:					
Ásetningshlutfall m.v. ærgildi	0,99	0,91	0,94	1,15	
Dilkakjöt hlutfall af heild	87,4%	88,2%	86,6%	87,4%	
Framleiðslukostnaður kr/kg	1.133	983	1.149	1.284	
Afurðatekjur kr/kind	11.575	12.749	11.314	10.637	
Opinberar greiðslur kr/kind	14.340	15.504	14.668	12.873	
Aðkeypt fóður kr/kind	677	501	868	679	
Áburður og sáðvörur kr/kind	3.156	2.955	3.128	3.384	
Rekstur búvéla kr/kind	3.388	2.412	3.321	4.428	
Rekstrarvörur kr/kind	2.210	1.874	1.944	2.788	
Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kind	2.568	1.752	2.584	3.373	
Framlegð kr/kind	13.915	18.759	14.137	8.858	
Viðhald útihúsa og girðinga	1.429	1.352	1.639	1.316	
Annar rekstrarkostnaður	1.555	1.295	1.493	1.871	
Laun og launatengd gjöld	7.024	7.951	6.872	6.232	
EBITDA kr/kind	7.436	9.675	7.417	5.210	
Afskriftir kr/kind	4.142	4.424	3.791	4.179	
Fjármagnsliðir kr/kind	2.511	1.648	3.159	2.785	